

# Námsvísir

## 4. bekkur

2024 – 2025



**MEÐ OPNUM HUG  
OG GLEÐI Í HJARTA**

Menntastefna Reykjanesbæjar, Með opnum hug og gleði í hjarta, var höfð til hliðsjónar við gerð námsvísa skólans. Í henni eru þrjú leiðarljós sem eiga að einkenna allt starf með börnum í Reykjanesbæ, þau eru:



Einnig eru fimm stefnuáherslur sem eru:



## Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónakennarar árgangsins eru Guðrún Sigríður Egilsdóttir og Kristbjörg Bjarnadóttir. Nemendur eru 48 talsins. Nemendur eru 30 kennslustundir á viku í skólanum.

## Námsmat

Námsmat fer fram yfir allt skólaárið og tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum námsgreinum. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

★	Framúrskarandi
✓	Hæfni náð
◇	Á góðri leið
○	Þarfnast þjálfunar
✗	Hæfni ekki náð

Hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið er eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið.

Komið er til móts við þarfir nemenda með ýmsum hættir. Þeir nemendur sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem kennarar hafa sett í samráði við foreldra.

## Menntagildi og meginmarkmið íslensku

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Íslenskukennslu er í meginatriðum skipt upp í fjóra flokka: talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og loks málfræði. Lestur er öflugt tæki nemenda til þess að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Í lýðræðisþjóðfélagi er mikilvægt að geta tekið virkan þátt í ýmis konar umræðum, hlustað af athygli og skilið og greint þær upplýsingar sem fyrir augum og eyrum ber.

Kröfur samfélagsins til lestrarfærni hafa breyst mikið á undanförunum árum. Mikilvægt er að nemendur nái góðum lestrarhraða en ekki síður að þeir öðlist góðan lesskilning og séu gagnrýnir á þann texta sem lesinn er. Leitast er við að auka leshraða, lesskilning, almennan lestraráhuga og þekkingu á íslenskum bókmenntaarfi með lestri margs konar bókmenntaverka og ritaðra texta. Lestur og ritun tengjast óhjákvæmilega. Til þess að nemendur geti mætt kröfum samfélagsins um að geta tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi þurfa þeir bæði að beina sjónum sínum að sjálfum textanum, efni hans, skipulagi, málsniði og stíl og tæknilegum atriðum eins og skrift, stafsetningu, uppsetningu og frágangi. Í ritunarverkefnum er lögð áhersla á að nemendur setji efni sitt skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, allt frá frjálsri ritun í skipulagðar ritgerðir. Markmið málfræðikennslunnar er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmáli sínu.

### Hæfniviðmið

<b>Ritun</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Skrifað skýrt og læsilega.</li><li>• Dregið rétt til stafs.</li><li>• Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlag.</li></ul>
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Sagt frá eftirminnilegum atburðum og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.</li></ul>
<b>Lestur og bókmenntir</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.</li></ul>
<b>Málfræði</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Fundið tölu orða.</li><li>• Fundið kyn nafnorða.</li><li>• Raðað í stafrófsröð.</li></ul>

- Sett sagnorð í texta.
- Bætt við greini við nafnorð.
- Fallbeygt nafnorð.
- Sett lýsingaorð inn í texta.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum.
- Stigbreytt lýsingarorð.
- Nýtt stafrófið við leit í orðabók.

## Kennsluhættir

- Nemandi er hvattur til þess að tjá skoðanir sínar á efninu og ræða mismunandi hliðar málsins.
- Menningarstund og árshátíð þar sem allir nemendur koma fram.
- Litla upplestrarkeppnin og þjálfun sem tengist henni.
- Nemandi les jafnt og þétt í frjálislestrarbókum yfir allt skólaárið, heima og í skóla og foreldrar / forráðamenn skrá lesturinn í lestrardagbók.
- Hljóðlestur.
- Hóp upplestur.
- Ýmsir textar verða lesnir og unnið með þá.
- Reglulega verður farið á bókasafnið.
- Þematengdir lestrarsprettir.
- Hvert tækifæri er nýtt til að bæta við orðaforða nemenda t.d. þegar upp koma ný orð úr námsefninu eða almennum umræðum.
- Lögð er áhersla á skrift og ýmis ritunarverkefni.
- Stafsetningarreglur teknar fyrir og unnið með þær á fjölbreyttan hátt t.d. í hópastarfi, með sóknarskrift og beinni umskráningu.
- Ritvinnsla og ýmis kennsluforrit.
- Verkefni um Herramenn.
- Unnið í vinnubókum, sögubók og í gegnum leik.
- Hringekjustarf.
- Ýmis verkefni frá kennara. M.a. hefti um nafnorð, sagnorð og lýsingarorð

## Námsgögn

- Mál til komið grunnbók og vinnubók – valdar æfingar.
- Skinna námsbók í móðurmáli og vinnubók 2 valdar blaðsíður.
- Ýmis verkefni frá kennara.
- Frjálislestrarbækur.
- Galdraskólinn.
- Lesrún 2.
- Herramenn.
- Skrift 4.
- Litla upplestrarkeppnin (ljóð, sögur og söngur)

## Námsmat

Miðstöð menntunar og skólapróunar gefur út viðmið í lesferli og hér má sjá viðmið sem sett eru fyrir lok 4. bekkjar:

- 146 orð eða meira á mín.- mjög góður árangur.
- 121-145 orð á mín. - góður árangur.
- 81-120 orð á mín. - nokkuð góður árangur
- 0 – 80 orð á mín. - nemandi þarfnast aðstoðar.

Í öðrum námsþáttum verður notast við leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir veturinn. Leiðsagnarmatið verður t.d. í formi fjölbreyttra verkefna og skriflegra kannanna.

## Kennarar

Guðrún Sigríður, Kristbjörg og Kristín Sigubjörg

## Menntagildi og meginmarkmið í stærðfræði

Hæfni í stærðfræði er forsenda læsis og sköpunar á flestum sviðum tækni, fræða og verkmenningar. Hún styður fólk til að taka ígrundaðar ákvarðanir í daglegu lífi, sem hafa áhrif á heilbrigði og velferð og að taka virkan þátt í lýðræðissamfélagi sem er í stöðugri þróun. Við notum til dæmis tölur og reikniaðgerðir til að eiga í samskiptum, skipuleggja, draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um framleiðslu og neyslu og stuðlum þannig að sjálfbærni. Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Samfélag okkar og nýsköpun innan þess einkennist af kerfum sem byggjast á nýtingu stærðfræðinnar, t.d. kosningakerfi, upplýsingar á netinu, staðsetningarkerfi, farsímar, veðurspár, tölvuleikir, teiknimyndir og fleira. Stærðfræði er alþjóðlegt tungumál og verkfæri til að miðla upplýsingum og hugmyndum og vinna úr þeim. Með þrautalausnum þróa nemendur með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni og ígrunda ólíkar aðferðir sem nýtast við lausnir þeirra og mat á niðurstöðum. Mikilvægt er að nemendur geti talað saman um stærðfræði, notað tungumál og hugtök hennar og fært rök fyrir máli sínu. Góð kunnátta í stærðfræði getur stuðlað að gagnrýnni hugsun og aukinni ábyrgð nemenda í daglegu lífi, m.a. hvað varðar ákvarðanir um eigin fjármál og neyslu.

## Hæfniviðmið

<b>Að geta spurt og svarað með stærðfræði</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan henni stendur. Kannanir/námsmat í lok hvers kafla.</li></ul>
<b>Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur fá leiðsögn og endurgjör á vinnu sína á meðan henni stendur.</li></ul>

<b>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast á við í daglegu lífi.</li> <li>• Undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.</li> <li>• Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.</li> </ul>
<b>Tölur og reikningur</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sett upp og reiknað samlagningadæmi með tölunum 0 – 10.000.</li> <li>• Notað tölurnar 0 -10.000, heiti þeirra og tákni, raðað og borið saman.</li> <li>• Geti leyst einföld deilingarverkefni.</li> <li>• Þekki almenn brot.</li> <li>• Sett upp og reiknað frádráttardæmi með tölunum 0 – 10.000.</li> <li>• Notað tugakerfisrithátt frá 0 – 10.000 og sýnt að hann skilur sætiskerfið.</li> <li>• Geti leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með skriflegum útreikningum.</li> <li>• Borið saman almenn brot.</li> <li>• Leyst einföld orðadæmi með samlagningu og frádrætti.</li> <li>• Leyst einföld margföldunarverkefni.</li> <li>• Námundað að næsta hundraði.</li> <li>• Námundað að næsta tug.</li> </ul>
<b>Algebra</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs t.d. með því að nota líkön og hluti.</li> <li>• Notað tákni stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnu og röð.</li> <li>• Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar t.d. með því að nota ápreifanlega hluti.</li> </ul>
<b>Rúmfræði og mælingar</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fundið ummál með reglustiku.</li> <li>• Geti fundið flatarmál flatar.</li> <li>• Breytt um mælieiningu, mm í cm, cm í mm, dm í m og m í dm.</li> <li>• Breytt dl í l og l í dl.</li> <li>• Tilgreint tímasetningar á hefðbundinn hátt.</li> <li>• Mælt og reiknað hitastig með jákvæðum og neikvæðum tölum.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tilgreint tímasetningar á stafrænu formi.</li> <li>• Mælt og reiknað hitastig með jákvæðum og neikvæðum tölum.</li> <li>• Geti mælt gr í kg og kg í gr.</li> <li>• Fundið tímasetningar með því að reikna í klukkustundum og mínútum.</li> </ul>
<b>Tölfræði og líkindi</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.</li> <li>• Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.</li> <li>• Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.</li> <li>• Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.</li> </ul>

### Kennsluhættir

Við munum nota vinnubækur ásamt efni frá kennara. Notum fjölbreytt verkfæri sem hjálpa til við að öðlast skilning á vinnubrögðum, hugtökum og reglum stærðfræðinnar t.d. málbönd, reglustiku, kubba, brotaspjöld, talnagrind, vasareikni og fleira. Við munum beita ýmsum aðferðum við úrlausnir. Verðum með hringekjur þar sem nemandi leysir mismunandi verkefni á hverri stöð. Nemendur munu vinna í hópavinnu og kynna verkefnin sín.

### Námsgögn

- Sproti 4a og 4b nemendabók
- Sproti 4a og 4b æfingahefti
- Könnum kortin 2
- Stærðfræði spæjarar 4 – valdar blaðsíður
- Ýmis verkefni frá kennara

### Námsmat

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og eru niðurstöður birtar á Mentor þegar þær liggja fyrir.

### Kennarar

Guðrún Sigríður, Kristbjörg og Kristín Sigurbjörg.

### Menntagildi og meginmarkmið náttúrufræði

Íslendingar þurfa að vera meðvitaðir um að mannlegar ákvarðanir hafa áhrif á jörðina, nú og til framtíðar. Allir þurfa að taka virkan þátt í samfélagi með upplýstum og gagnrýnum viðhorfum.

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. *náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt*. Þessir þættir, ásamt viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu eru grunnurinn að náttúrufræðinámi nemenda.

Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni en ekki síst viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og ábyrgðar. Með virkri þátttöku nemenda styrkist verkleg færni, félagsleg færni, frumkvæði og ábyrgð. Það er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að upplifa og skoða náttúruna og umhverfið.

Áhersla er lögð á að nemendur verði vísindalæsir. Í því felst að geta lesið texta um náttúruvísindi sér til gangs og gleði, nýtt hugtök náttúrufræðinnar og skilið ýmist náttúruleg eða manngerð fyrirbæri. Nám í náttúrugreinum á að einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum t.d. að nemendur fái í einhverjum tilfellum val um viðfangsefni. Einnig er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að móta umhverfi sitt með einhverjum hætti.

### Hæfniviðmið

<b>Geta til aðgerða</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>•</li> </ul>
<b>Nýsköpun og hagnýting þekkingar</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks, fundið lausn, hannað afurð.</li> </ul>
<b>Gildi og hlutverk vísinda og tækni</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.</li> <li>• Í máli og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.</li> </ul>
<b>Vinnubrögð og færni</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.</li> <li>• Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.</li> <li>• Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.</li> <li>• Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.</li> <li>• Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.</li> <li>• Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.</li> <li>• Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.</li> <li>• Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi.</li> </ul>
<b>Ábyrgð á umhverfinu</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, sýnt náttúru alúð.</li> <li>• Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.</li> <li>• Gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns.</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð.</li> <li>• Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum.</li> </ul>
<b>Að búa á jörðinni</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.</li> <li>• Notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð.</li> </ul>
<b>Lífsskilyrði manna</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.</li> </ul>
<b>Náttúra Íslands</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.</li> <li>• Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni.</li> <li>• Sagt frá helstu eldfjöllum á Íslandi.</li> </ul>
<b>Heilbrigði umhverfisins</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Flokkað úrgang.</li> <li>• Fjallað um samspil manns og náttúru.</li> </ul>
<b>Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu</b>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra,</li> <li>• gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.</li> </ul>

### Kennsluhættir

Umræður, skapandi vinna og tilraunir. Ásamt hópastarfi og kynning á verkefnum. Nemendur vinna verkefni í tengslum við umhverfismennt og umgengni við náttúruna t.d. að flokka úrgang.

### Námsgögn

- Komdu og skoðaðu eldgos,
- Út fyrir bókina - kortaverkefni.
- Íslandsbók barnanna, valdir kaflar.
- Halló heimur 3 – nýtt efni (lesbók + vinnubók)
- Verkefni frá kennara (nýsköpun)

### Námsmat

Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum jafnt og þétt yfir skólaárið en niðurstöður námsmats eru birtar í Mentor í lok skólaárs.

### Kennarar

Guðrún Sigríður, Kristbjörg og Kristín Sigurbjörg.

## Menntagildi og meginmarkmið samfélagsfræði

Menntagildi samfélagsgreina felst í því að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra. Þessi hæfni á sér þrjár rætur.

- 1) Í tengslum við aðra sem þegar eru mótuð, svo sem innan fjölskyldunnar,
- 2) Í tengslum við sjálfan sig
- 3) Í myndun nýrra tengsla við aðra við breytilegar aðstæður.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.

### Hæfniviðmið

<b>Reynsluheimur</b>	<b>Nemandi getur:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Borið kennsl á gildi s.s. virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.</li><li>• Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.</li><li>• Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.</li><li>• Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.</li><li>• Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.</li><li>• Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúabragða, einkum í nærsamfélaginu.</li><li>• Áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu.</li><li>• Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.</li><li>• Áttað sig á trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.</li><li>• Bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu.</li></ul>
<b>Hugarheimur</b>	<b>Nemandi getur:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.</li><li>• Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.</li><li>• Sett sig í spor annarra.</li><li>• Sett sér einföld markmið og unnið að þeim.</li></ul>
<b>Félagsheimur</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.</li><li>• Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum, hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir.</li><li>• Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.</li><li>• Sýnt tillitsemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</li></ul>

- |  |   |
|--|---|
|  | <ul style="list-style-type: none"><li>• Áttað sig á ýmis konar afleiðingum athafna sinna, sýnt fram á að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.</li><li>• Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins.</li><li>• Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.</li></ul> |
|--|---|

## Kennsluhættir

Umræður og skapandi vinna. Ásamt hópastarfi og kynning á verkefnum. Uppbyggingarstefnan og bekkjarfundir verða einu sinni í viku.

## Námsgögn

- Trúarbrögðin okkar,
- Könnum kortin 2
- Uppbyggingarstefnan
- Kortaverkefni – Út fyrir bókina
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna.
- Halló heimur 3 (lesbók + vinnubók)
- Ítarefni frá kennara

## Námsmat

Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum jafnt og þétt yfir skólaárið en niðurstöður námsmats eru birtar í Mentor í lok skólaárs.

## Kennarar

Guðrún Sigríður, Kristbjörg og Kristín Sigurbjörg.

## Menntagildi og meginmarkmið ensku

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lífnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu.

Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af

og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum.

Í tungumálanáminu eiga nemendur að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið.

### Hæfniviðmið

<b>Hlustun</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar skýrt er talað.</li><li>• Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.</li></ul>
<b>Lesskilningur</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.</li><li>• Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.</li></ul>
<b>Samskipti</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.</li><li>• Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.</li></ul>
<b>Frásögn</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum.</li><li>• Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.</li></ul>
<b>Ritun</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá t.d. mynd eða hlut.</li><li>• Lýst í einföldu máli því sem næst honum er t.d. vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi.</li></ul>
<b>Námshæfni</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Tengt ný viðfangsefni við eigin reynslu.</li><li>• Tekið þátt í hópavinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.</li></ul>

### Kennsluhættir

Hlustað á og unnið úr Portfolio Speak Out og Work Out. Notumst við söngva, leiki og skapandi vinnu.

### Námsgögn

- Portfolio, Work Out og Speak Out – efni hætt í útgáfu, skoða annað
- Ýmis verkefni frá kennara

## Námsmat

Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum jafnt og þétt yfir skólaárið en niðurstöður námsmats eru birtar í Mentor í lok skólaárs.

## Kennarar

Guðrún Sigríður, Kristbjörg og Kristín Sigurbjörg.

## Menntagildi og meginmarkmið skólaíprótta

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja skal áherslu á eru: hreyfing, jákvæð sjálfsmynd, næring, hvíld, andleg vellíðan, skapandi hugsun, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Því skal skólustarf skipulagt til að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda. Með samtengingu námsþátta í skólaípróttum við aðrar námsgreinar og í skólustarfinu öllu skapast möguleikar til að fá fram jákvæðan skólabrag og það heilsueflandi umhverfi sem til þarf. Til þess að efla jákvæðan skólabrag í Heiðarskóla þá erum við með útivistarviku, ípróttaviku og Heiðarleika.

Skólaípróttir eru mikilvæg námsgrein til að skapa börnum og ungmönnum aðstæður til heilbrigðra lífshátta, efla færni þeirra í samskiptum, auka þrek, styrkja ákvarðanatöku, kenna markmiðasetningu og streitustjórnun. Ípróttir eru vel til þess fallnar að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Aukin sundfærni styrkir sjálfsmynd og eykur sjálfsöryggi einstaklingsins. Það mikilvægasta er þó gleðin og löngunin til að taka þátt og hreyfa sig meira. Með því að glíma við ögrandi verkefni lærist að þjálfun og ástundun gefur árangur jafnt í ípróttum sem öðru

námi.

Í skólaípróttum eru lykilþættirnir sjálfstæði, samvinna og ábyrgð og mat á eigin námi þjálfaðir.

## Hæfniviðmið

Nemandi getur:

- Gert æfingar sem reyna á þol
- Gert einfaldar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu
- Tekið þátt í stöðluðum prófum
- Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum
- Sýnt nokkra boltafærni
- Notið einföld hugtök sem tengjast sundiðkun
- Tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum
- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og ípróttahúsa og brugðist við óhöppum
- Synt 25m bringusund
- Synt 12,5m skólabaksund

- Stungið sér úr kropstöðu
- Þekkt helstu atriði björgunar úr vatni

## Kennsluhættir

Reynt er að nálgast námsmarkmiðin og örva þroskapættina gegnum fjölbreytta leiki, frjálsan leik og leikæfingar.

## Námsgögn

Áhöld og tæki sem eru til í íþróttahúsi sem og útisvæði á skólalóð Heiðarskóla og nærumhverfið.

## Námsmat

Hæfniviðmið eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið í íþrotta- og sundtímum.

## Kennarar

Jón Norðdal Hafsteinsson og Sveinn Þór Steingrímsson

## Menntagildi og meginmarkmið list- og verkgreina

Listir og handverk eru samtvinnuð daglegu lífi þó við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því. Kennsla í list- og verkgreinum geta auðveldað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á náms- og atvinnutækifærum innan starfs- og listnáms.

Í skapandi starfi og lausnaleiti getur nemandinn haft áhrif á umhverfi sitt og tekið þátt í að móta menninguna. Allir hafa hæfileika til að skapa og með kennslu list- og verkgreina fá nemendur tækifæri til að þroska þann hæfileika.

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar, ólíkar tjáningaleiðir.

List- og verkgreinar eru margar ólíkar greinar sem tengjast að einhverju leyti en þó ekki öllu.

## Leik- og tónlist

### Hæfniviðmið

<b>Leiklist</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Tekið virkan þátt í leikrænu ferli með hópnum/bekknunum.</li><li>• Tjáð sig um almenn málefni og eigin skoðanir.</li><li>• Notað búninga og leikmuni til að styðja við sköpun.</li><li>• Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi.</li><li>• Sýnt skólafélögum tillitssemi.</li><li>• Farið að fyrirmælum kennara.</li></ul>
<b>Tónlist</b>	Nemandi getur

- Tekið þátt í hópsöng.
- Tekið þátt í verkefnum sem tengjast hljóðtaki ofl.
- Tekið þátt í þeim verkefnum sem kennarinn leggur til.
- Farið að fyrirmælum kennara.

### Kennsluhættir:

**Leiklist:** Kennslan byggir á léttum leiklistar og hópeflisæfingum. Að koma fram á sviði með hóp eða einir. Að geta tjáð sig fyrir framan hóp og kunna að vera áhorfandi. Nemendur kynnast leikmunum og búningum. Unnið er með hálfan bekk í einu, eina önn í senn.

**Tónlist:** Söngur með undirspili, ýmist allur hópurinn saman eða einn og einn nemandi, alveg eftir vilja og getu hvers og eins. Unnið með takt og hljóðfæri notuð til stuðnings. Horft er á íslensk leikrit með söngvum og farið í allskonar leiki sem tengjast söng og hreyfingu. Horft er á erlenda söngleiki þeir ræddir og lögin sungin.

### Námsgögn

Kennsluefni frá kennara.

### Námsmat:

Tekið er mið af hæfniviðmiðum.

### Kennari

Guðný Kristjánsdóttir

## Textílmennt

### Hæfniviðmið

<b>Handverk, aðferðir og tækni</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</li> <li>• Unnið úr nokkrum gerðum textílefna</li> <li>• Unnið eftir einföldum leiðbeiningum</li> </ul>
<b>Sköpun, hönnun og útfærsla</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu</li> <li>• Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt</li> <li>• Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni</li> </ul>
<b>Menning og umhverfi</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt</li> <li>• Sagt frá nokkrum tegundum textílefna</li> <li>• Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna</li> <li>• Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu</li> </ul>

## Kennsluhættir

Nemendur kynnast og þjálfast í að nota efni og áhöld sem tilheyra námsgreininni. Nemendur kynnast saumavélinni og vinna saumavélaæfingar. Þeir læra að vinna með einfalt snið í verkefnavinnu, sníða bangsa og sauma hann saman í saumavél. Lagt er áherslu á hugmyndavinnu, nemendur teikna upp eigin hugmynd af fígúru, klippa út og sníða úr filtefni, sauma saman og skreyta með fjölbreyttum aðferðum. Áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð og góða umgengni.

## Námsgögn

Kennsluefni frá kennara

## Námsmat

Nemendur fá leiðsögn, endurgjöf og hvatningu á vinnu sinni meðan á henni stendur. Lokamat fyrir þau hæfniviðmið sem metin eru birtist á mentor.

## Kennari

Sara Birgitta Magnúsdóttir

## Hönnun og smíði

### Hæfniviðmið

<b>Handverk</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• valið og notað helstu verkfæri og mælitæki á réttan hátt.</li><li>• gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.</li></ul>
<b>Hönnun og tækni</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Útskýrt hugmyndir sínar með því að skissa upp teikningu sem er með mælingar í cm.</li><li>• Lesið einfalda teikningu, smíða eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.</li><li>• Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefninu.</li></ul>
<b>Umhverfi</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Gert grein fyrir því hvort efni séu hættuleg eða ekki og hvernig hægt sé að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.</li><li>• Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.</li></ul>

## Kennsluhættir

Verkefni eru String Art og blýantur. Efnið sem nemendur eru að nota eru að mestu leyti krossviður og fura. Nemendur læra að nota viðeigandi verkfæri sem henta fyrir hvert verkefni. Nemendur vinna einnig út frá eigin hugmyndum og teikningum og velja yfirborðsmeðferð sem hentar verkefninu í samstarfi við kennarann. Nemendur endurnýta og flokka allt sem á að henda í smíðastofunni. Farið er yfir þær slyshættur



sem eru í smíðastofunni, rétt vinnubrögð og réttar vinnustellingar. Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð og góða umgengni.

## Námsgögn

Kennslufni frá kennara.

## Námsmat

Leiðsagnarmat fer stöðugt fram í kennslustund þar sem nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. Í lok annar, ýmist í janúar eða júní, fá nemendur lokamat á þau hæfniviðmið sem metin eru, niðurstaðan er færð inn í Mentor.

## Kennari

Elsa Þóra Eggertsdóttir

## Heimilisfræði

### Hæfniviðmið

<b>Matur og lífshættir</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Tjáð sig um heilbrigða lífshætti,</li><li>• þekkja muninn á hollu og óhollu.</li><li>• Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif</li></ul>
<b>Matur og vinnubrögð</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Útbúið með aðstoð einfaldar máltíðir</li><li>• Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld</li><li>• Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi</li></ul>
<b>Matur og umhverfi</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Flokkað rusl.</li><li>• Skilið einfaldar umbúðarmerkingar</li></ul>
<b>Matur og menning</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Kunna að leggja á borð og þekkja helstu borðsiði.</li><li>• Þekkt helstu hátíðir Íslendinga og siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.</li></ul>

### Kennsluhættir

Inn í alla kennslu í heimilisfræði er fléttuð fræðsla um heilbrigða lífshætti, næringarfræði, hreinlæti og neytendavernd. Nemendur mateiða, baka, framreiða, þrifa og ganga frá og nota til þess öll helstu áhöld og mælitæki. Farið er yfir helstu slys sem geta orðið í eldhúsinu og viðbrögð við þeim. Kennari ræðir við nemendur um matvælafræði, geymslu matvæla og merkingar í tengslum við verkefni sem þau eru að vinna. Í tengslum við þjóðlega íslenska daga ræða kennarar um þær matarhefðir sem þeim fylgja.

## Námsgögn

Heimilisfræði 4

### Námsmat

Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur.

Lokanámsmat fer á Mentor í lok annar.

### Kennarar

Ólöf Jónsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir

## Myndmennt

### Hæfniviðmið

<b>Formfræði, litafræði og myndbygging</b> Frumbættir myndlistar, lita og formfræði Teikning, málun og litun með mismunandi litategundum og áhöldum Klippimyndir og blönduð tækni	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Notað frumliti og grunnformin í umhverfinu og nýtt sér þau í myndgerð</li><li>• Tileinkað sér þekkingu um sexlitahringinn, frumliti, annars stigs liti, andstæða liti, heita og kalda liti, ljós og skugga</li><li>• Beitt mismunandi litatónum</li><li>• Skilið einfalda myndbyggingu, nálægt og fjarlægt</li><li>• Notað hugtök: rými, jákvætt og neikvætt rými</li></ul>
<b>Tækni</b> Teikning, skissuvinna, mynstur, litur, málverk, áferð hluta	Nemandi getur : <ul style="list-style-type: none"><li>• Notað fjölbreyttar aðferðir, efni og leiðir til myndsköpunar</li><li>• Æft sig í mynsturgerð og prufað mismunandi áferðir</li><li>• Unnið sjálfstætt og skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum</li></ul>
<b>Listrýni</b> Mynd út frá sögu/ljóði Teiknun eftir tónlist og tilfinningum Tjáning um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt Ákveðnar listastefnur og listamenn (íslensk listasaga og byggingarlist)	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Tjáð sig á myndrænan hátt</li><li>• Greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans</li><li>• Gert grein fyrir völdum verkum listamanna</li><li>• Tileinkað sér þekkingu um tvo íslenska listamenn</li><li>• Unnið út frá eigin styrkleikum</li></ul>
<b>Umgengni</b>	Nemandi getur:

Meðhöndlun efna og áhalda og umgengni í stofunni og á sínu vinnusvæði

- Náð færni í að umgangast efni og áhöld af virðingu og lært að ganga rétt frá eftir sig

#### Kennsluhættir:

- Innlögn kennara og sýnikennsla (áhugaverðar sjónrænar kveikjur)
- PP kynningar, innlifunaraðferðir
- Virkar umræður og vinnsla út frá þeim
- Einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna
- Tilraunavinna og heimildarvinna
- Leitar- og uppgötvunarnám
- Endurvinnsla, endurnýtt efni í hönnun
- Samþætting við aðrar námsgreinar: íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, heimspeki, upplýsingatækni, tónmennt.

#### Námsgögn:

Námsefni er mismunandi eftir verkefnum. Stuðst er við bækur um myndlist í sögulegu samhengi, bækur um einstaka listamenn, upplýsingar af netinu, kynningu og kennslu á þeirri tækni sem beitt er við myndsköpun. Innlögn verkefna er margvísleg m.a. í formi glærुकynninga, hugstormun og sýnikennslu eftir því sem við á hverju sinni.

#### Námsmat:

Kennsla í sjónlistum í 1.-4. bekk í Heiðarskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá Grunnskóla um list- og verkgreinar. Lögð er áhersla á símat, leiðsagnarmat, frammistöðu og færni nemandans. Í lok myndlistartímabils er lokamat skráð í Mentor.

#### Kennari:

Renata Agnes Edwardsdóttir

### **Menntagildi og meginmarkmið upplýsinga- og tæknimennt**

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér, miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þá gagnrýnið mat.

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi.

## Hæfniviðmið

<b>Vinnulag og viðbrögð</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.</li><li>• Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.</li><li>• Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu, gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.</li></ul>
<b>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.</li><li>• Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.</li><li>• Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.</li></ul>
<b>Tækni og búnaður</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Notað forrit við einföld ritunarverkefni.</li></ul>
<b>Sköpun og miðlun</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Notað forrit / hugbúnað við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.</li></ul>
<b>Siðferði og öryggismál</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.</li></ul>
<b>Lykilhæfni</b>	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none"><li>• Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu</li><li>• Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni</li><li>• Farið eftir einföldum reglum um ábyrgða netnotkun</li><li>• Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn</li></ul>

## Kennsluhættir

Vinna í tölvuveri/lpad kennslu í einstaklings- og hópavinnu í tengslum við verkefnavinnu í öðrum námsgreinum. Ýmsir vefir eða forrit eru notuð til að efla skilning nemenda á námefninu almennt t.d við hugarreikning og stafsetningu.

## Námsgögn

Word og ýmsir vefir, leikir af mms.is og power point.

## Námsmat

Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum jafnt og þétt yfir skólaárið en niðurstöður námsmats eru birtar í Mentor í lok skólaárs.

## Kennarar

Kristín Sigurbjörg.